

Nám í VMA og á vinnustað – fleiri
hæfniprep til útskriftar.

Til umhugsunar um fleiri námsleiðir í starfsnámi.

VMA - 2017.

Jóhannes Árnason jarn@vma.is

Markmið náms á 1. og 2. hæfniprepi.

- Aðalmarkmiðið er að efla nema til aukins þroska og sjálfsmyndar sem byggir á því að finna styrkleika og áhuga þeirra en láta ekki veikleikana ráða því sem þau gera.
- Að tengja saman nám í skóla og nám / þjálfun á vinnustað til að nemar, vinnustaðir og kennarar geti saman borið ábyrgð á námi og þjálfun til ákveðinna starfa.
- Að efla hæfni nemanna til starfa sem krefjast sérmenntunar og þjálfunar þótt ekki sé um að ræða iðnnám til enda eða nám til stúdentsprófs. Þó getur námið talist sem hluti af námi á hærra hæfniprepi t.d. iðnnámi.
- Að fjölga verulega mikið þeim nemum sem fá útskrift sem hefur merkingu til starfa.

Hæfni án viðurkenningar.

- VMA, eins og aðrir framhaldsskólar á Íslandi útskrifar nemendur nánast eingöngu af þriðja hæfniprepi.
- Stúdentspróf, iðnnám, annað starfsnám svo sem sjúkraliðanám og fleira gefur útskrift á þriðja hæfniprepi.
- Samt læra nemar margt og koma út með hæfni sem vinnustaðir nýta sér þótt þeir hafi aldrei útskrifast. Hafa ekki fengið formlega viðurkenningu á náminu eða þjálfuninni sem felst í störfum í greininni.
- **Mjög fá störf krefjast ekki þjálfunar eða hæfni á einhverjum sviðum.** Sum þessi hæfni er almenn, samskipti, stundvísi, áreiðanleiki og fl. Önnur hæfni fæst með námi í grunnatriðum í bóknámi og verknámi og svo í starfinu sjálfu undir handleiðslu einhvers.

VMA verði frumherjaskóli á fyrsta og öðru hæfniprepi.

- Hér verður lýst hugmyndum um að VMA taki að sér að þróa samstarf við vinnustaði með því markmiði að formgera það sem nú þegar er til. Nám og þjálfun sem skilar vinnustöðum og starfsmönnum atvinnutækifærum og þjálfuðu starfsfólki.
- VMA fái styrk í þrjú ár til að setja upp og þróa útskriftarleiðir á hæfniprepum 1 og 2 sem nýtast atvinnulífinu. Myndaðar verði samskiptaleiðir og aðferðir við að ráðleggja nemum, fylgjast með þeim, meta frammistöðu og hæfni þeirra og vinna að því að skírteini á 1. og 2. hæfniprepi öðlist sess.
- Við lok verkefnisins geti kennarar og starfsfóstrar á vinnustöðum séð um að reka námið og til verða áfanga- og námsbrautarlýsingar sem aðrir skólar geta nýtt sér.

Hæfniprep og störf

- Það er misskilningur að hærri hæfniprep merki alltaf meiri sérhæfingu og meiri færni.
- Einhver sem flokkast með hæfni í flutningum og frágangi farms á öðru hæfniprepi er fullfær um að ganga frá farmi þannig að hann geymist rétt, skaddist ekki og valdi ekki tjóni. Hinsvegar er viðkomandi hugsanlega ekki fær um að reikna út gjaldskrá og skipuleggja til fulls nýtingu á flutningatækjum.
- Sá sem hefur hæfni á efra þrepi er líklegri til að hafa meiri yfirsýn, geta stýrt starfsemi, geta nýtt þekkingu og aflað þekkingar um starfsemina. Gæti átt við um stúdentspróf eða háskólamenntun í vörutækni / flutningagreinum.
- Það að skipuleggja starfsemina og reikna út gjaldskrá merkir ekki að viðkomandi geti gengið frá farmi á tryggan hátt.

The mismatch – menntun og störf.

- Í mörgum löndum Evrópu er talað um „mismatch“ milli útskrifta og þeirra starfa sem þarf að vinna.
- Eru íslenskir framhaldsskólar og háskólar að útskrifa fólk í sama hlutfalli milli starfsgreina / námsgreina og þörfin er fyrir starfsfólk? Nei því miður, ekki frekar en í öðrum Evrópulöndum.
- Mörg góð, örugg, gefandi og mikilvæg störf krefjast sérhæfðra starfsmanna en ekki endilega á hærri hæfniprepum.
- VMA vinni með vinnustöðum og stéttarfélögum að því að komast að því í hvaða störf er mest þörf á starfsfólki á næstu árum á svæðinu. Hvernig er hægt að kynna þau, vekja athygli nema á þeim, þjálfar fólk til þeirra og formgera þjálfunina þannig að hún fái viðurkenningu og sess?

Nám og aðgangskröfur. Fjölgreind.

- Þær útskriftarleiðir sem eru núna í boði úr íslenskum framhaldsskólum krefjast þess við inngöngu að nemar hafi lágmarkshæfni í almennum bóklegum greinum og þroski þá hæfni á öðru og þriðja hæfniprepi ásamt því að þroska hæfni í sérgreinum brautarinnar.
- Sýnt hefur verið fram á að hæfni fólks felst í mörgum hæfnisviðum og hægt er að þroska hæfnina en mismikið eftir hæfileikum einstaklinganna. Oft fylgjast mismunandi greindir að en ekki endilega. Hugsanlega eru fólgin tækifæri í því að sjá hlutina með öðrum hætti en aðrir gera, t.d. dyslexia – getur það þýtt hæfileika sem ekki aðrir hafa?
- Eru íslenskir skólar að efla styrkleika nema á mörgum sviðum? Eru skólarnir ef til vill aðallega að benda á veikleika nemanna? Hvað er það sem þú getur ekki nógu vel?

VMA og SÍMEY.

- Sér ekki SÍMEY um að mennta fólk og viðurkenna til starfa á 1. og 2. hæfniprepi?
- Jú, að einhverju leyti. SÍMEY krefst aldurs og reynslu úr atvinnulífi. SÍMEY er frábært úrræði, góð ráðgjöf og fljótt að bregðast við, síður bundin námskrám ráðuneytis.
- Ef vinnustaðir leita eingöngu til SÍMEYJAR til að fá sérhæfð námskeið fyrir starfsmenn eru vinnustaðirnir ekki að laða til sín ungt fólk.
- Ef til verða skírteini með skilgreindum hæfniviðmiðum geta símenntunarmiðstöðvar líka nýtt þau. VMA og SÍMEY ættu að vinna saman að þessu en ekki líta svo á að um sé að ræða samkeppni.

Verkefnið - umfang.

- Stjórnandi og tveir eða fleiri kennarar myndi stýrihóp um verkefnið. Tveir eða fleiri kennarar / ráðgjafar taki að sér að vinna verkefnið.
- Stýrihópurinn semji strax við utanaðkomandi aðila um að vera í rýnihópi. Starfsmann SÍMEYJAR, fulltrúa stéttarféлага, starfsmannasvið Akureyrarbæjar og tvo eða fleiri fulltrúa fyrirtækja, helst fyrirtæki sem nýtir iðnaðarmenn og líka fyrirtæki sem nýtir meira ófaglærða. Best væri að menntamálaráðuneytið ætti fulltrúa í rýnihópi.
- Mögulegir vinnustaðir: Akureyrarbær með umönnun á öldrunarheimilum og heimaþjónustu, íþróttamannvirki, aðstoðarfólk á leikskólum, aðstoðarfólk í mótuneytum skóla og leikskóla. Byggingafyrirtæki eða bílaþjónusta, hreingerningar, flutningafyrirtæki, hótél og veitingastaðir og fleiri.

Verkefnið - greining.

- Rýnihópurinn vinni að því í þrjú mánuði að greina stöðuna:
- Hvaða störf krefjast sérhæfni en eru ekki í skólakerfinu?
- Hve margir nemar fá ekki útskriftir?
- Hvar vinna þeir sem ekki útskrifast úr framhaldsskóla? Hvaða önnur réttindi hefur fólk en ekki vegna framhaldsskólanáms?
- Hvaða vinnustaðir nýta sérhæft ófaglært starfsfólk?
- Hvaða námsleiðir hafa verið skilgreindar í námskrám og á vegum símenntunarmiðstöðva og stéttarféлага?
- Hvaða möguleikar eru til að greiða fyrir þjálfunina? Nú fær VMA greitt fyrir einingar og vinnustaðir sjá algerlega um þjálfun ófaglærðra.

Verkefnið – að efla einstaklingana.

- Að þroska einstaklingana – tengja nema vinnustöðum – gefa vinnustöðum tækifæri til að laða til sín starfsmenn og sinna grunnþjálfun þeirra í samstarfi við skóla / menntamiðstöðvar.
- Langmikilægasti þátturinn í að skaffa vinnustöðum hæft starfsfólk er að efla sjálfstraust þess og auka hæfni þess, bæði almenna og faglega. Slíkt er auðveldara með því að vinna með styrkleika nemanna en að segja þeim í sífellu að þeir séu lélegir í einhverju.
- VMA hefur á undanförunum árum reynt að sinna þeim hópi nema sem gengur verst í skóla með því að koma þeim í upprifjun í bóknámi, hafa þá í skólanum. Það gengur mjög takmarkað, **margir falla brott og hafa ekki góða mynd af sér í námi. Það hindrar viðkomandi í fyrirsjáanlegu námi sem felst í endurmenntun af ýmsu tagi og er forsenda framfara í atvinnulífi.**

Verkefnið – námið í skólanum.

- Byggt verði á þeirri nálgun sem brautarbrúin hefur notað: (Líklega breytist 1. önnin ekki mikið).
- Gott utanumhald með nýnemum með umsjónarkennurum. Sama kerfi verði notað á seinni árum til að styðja nema.
- NÁSS (hringekja á verkstæðum), upprifjunaráfangar í bóklegu.
- Námsver, feli meðal annars í sér gerð ferilskrár og æfingar í framkomu, aðstoð við nám, þjónustu og sjálfsskoðun.
- Á vorönn verði áfram boðið uppá áframhald til undirbúnings í verknámi. Einnig verði þeir nemar sem sýna áhuga og hæfni að vera í áframhaldandi bóknámi eða t.d. byrjunaráföngum í listnámi og íþróttanámi.
- Grunngreinar t.d. samskipti með ýmsu formi, vinnuvélanámskeið og fjármálafræðsla.

Verkefnið – vinnustaður - VMA.

- Stór hluti nema á brautarbrú frá annarri önn verði tvo daga í viku á vinnustað og fái einingar fyrir. Nemar sem byrja í grunnnámi en ekki brautarbrú geti líka komið inn í þetta kerfi.
- Tvo eða þrjá daga á vinnustað en í skólanum hina dagana.
- Tveir kennarar í nánast fullu starfi að skipuleggja vinnustaðanámið, fylgja nemum, sjá um mat á frammistöðu á samvinnu við starfsfóstra á vinnustað og meta það hvernig verkefnið gengur.
- Peningar. Skólinn leggi nánast engar kröfur á vinnustaðinn um skýrslugerð eða skipulag, nema að því sem lýtur að vinnunni á vinnustaðnum. Þjálfun starfsfóstra verði frí fyrir vinnustaðinn. Skólinn fær greitt í einingum og fyrir verkefnið, vinnustaðir fái greitt úr verkefninu fyrir nemana. (Óvíst eftir verkefnið, þarf samt að leysa það sem hluta af verkefninu.)

Verkefnið – námið á vinnustaðnum.

- Á öllum vinnustöðum verði sömu almenn markmið um almenna hæfni: Samskipti, að taka fyrirmælum, stundvísi og áreiðanleiki, mat á eigin hæfni, áhugi á starfinu og vinnustaðnum, viðhorf til vinnu, sjálfsmynd, áhugasvið.
- Neminn vinni að því með starfsfóstra og kennara að ná tökum á grunnhæfni í sérhæfðum störfum á vinnustaðnum. Á einni önn, tvo daga í viku, nái neminn að kynnst vinnustaðnum og nái hæfni við ákveðna hluta starfanna. Í mörgum tilfellum verður vinnustaðapjálfunin á tveim eða fleiri önnum.
- Til verði upptalning á hæfniviðmiðum og matstæki til að meta hæfni nemans.
- Vinnustaðurinn skoði í alvöru að neminn geti átt möguleika á starfi með grunnhæfni eða eftir meira nám.

Verkefnið – nám eftir fyrsta árið.

- Eins og nú gefst nemum kostur á að færa sig af brautarbrú yfir á aðrar námsbrautir (eftir kröfum um lágmark í almennum greinum og árangri í þeim).
- Við námsval á fyrstu/annarri önn verði sérstakt viðtal nema (og forráðamanna) með ráðgjafa og umsjónarkennara, hugsanlega líka starfsfóstra til að skoða stöðu nemans og áhuga.
- Á öðru ári gefst nemum tækifæri til að stunda fagnám (verknám og fagbóklegt) og annaðhvort almennt nám eða vera í vinnustaðþjálfun tvo daga í viku.
- Vinnustaðurinn haldi áfram að þjálfa nema í almennri færni og grunnþáttum starfa í takti við fagnámið í skólanum.

Verkefnið – Hvað verður til?

- Verkefnið gefi af sér tillögur um brautarlýsingar í að minnsta kosti þrem starfsgreinum til skírteinis á hæfniprepum 1 og 2.
- Þar verði líka til lýsingar á áföngum í skóla og vinnustaðanámi með þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum.
- Vinnustaðir í greininni skili af sér greinargerð um kosti og ókosti svona fyrirkomulags fyrir sig, starfsmaður verkefnisins vinni þetta í samráði við fulltrúa vinnustaða.
- Stéttarfélög, bæði starfsgreinafélög og almenn, lýsi launakerfum og hvernig megi meta skírteini inn í þau.
- Gerð verði greinargerð um kostnað við nám á vinnustað með það að markmiði að til verði eðlileg skipting kostnaðar milli skólakerfis og þess kostnaðar sem er eðlilegt að vinnustaðir hafi af þjálfun starfsmanna.

Verkefnið – dæmi um nám 1.

- Umönnunarliði sem miðar að störfum á dvalar-, hjúkrunarheimilum aldraðra og heima hjá öldruðum og fötluðum í heimaþjónustu. Meðal annars verknám í grunnhjúkrun, grunnnám matvæla og kynning á snyrtingu / hárgreiðslu.
- Hliðstætt við leikskólaliða- og stuðningsfulltrúanám sem byggir á grunnnámi í hjúkrun, umsjón með fötluðum og fleiru. Hér yrðu í boði líka áfangar og verknám í umsjón með dýrum.
- Umsjón með íþróttamannvirkjum. Byggir á námi á íþróttabraut ásamt því að læra um viðburðastjórn og tæki.
- Matvælanám og umsjón gististaða. Byggir á grunnnámi matvæla og fleiru svo sem móttöku gesta, ræstingu á gististöðum, öryggisreglum og fl.
- Grunnur að námi í mjólkuriðnaði.

Verkefnið – dæmi um nám 2.

- Véltækniðanám. Byggir á grunnámi málm- og véltækni en snýr meira að þjónustu við tæki og viðskiptavinum heldur en viðgerðir, getur tengst til dæmis bílaleigum og fleiru.
- Flutninga og vörutækninám. Notast verði við grunnvinnu í verkefni starfsgreinaráðs um þróun á námskrá í vörutækni. Nemar læri að ganga frá farmi, afgreiða vörur, vinna á lager og annað sem flutningafyrirtæki og stórverslanir gera.
- Öryggisgæsla, eftirlit og fl. m.a. unnið í samvinnu við Securitas, Öryggismiðstöð og aðra slíka aðila, hugsanlega tengt lögreglu.
- Umsjón með byggingum, ræstingar og annað slíkt.
- Úti- og jarðvinnutæknir. Grunnur að garðyrkju, umhirða lóða og framkvæmdir við lagnir og slíkt. Vinnuvélaréttindi og fl.

Verkefnið – dæmi um nám 3.

- Umhirða og umsjón dýra, gæti nýst einhverjum sem stefna á nám í slíku í framhaldi eða til að öðlast meiri þroska og hæfni til að sjá um sjálfan sig.
- Verslunarnám sem getur falið í sér sérhæfingu verslana:
- Fataverslun (hugsanlega grunnur að textílnámi).
- Matvöruverslun með grunnnámi matvælagreina sem tengist líka flutningum á matvælum.
- Afgreiðsla á kaffihúsum og annarsstaðar þar sem ekki er beinlínis verið að þjóna til borðs.
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini við að veita upplýsingar, tengist líka öryggisgæslu og eftirliti.

Nám til útskriftar á þriðja þrepi.

- Verkefnið skoði líka núverandi námsbrautir í VMA.
- Æskilegast að til viðbótar við námsbrautarlýsingarnar sem VMA hefur nú gert komi viðbætur við þær allar þar sem lýst er möguleikum á útskriftum á 1. og 2. hæfniprepi eða að minnsta kosti tenging við slíkt.
- Við gerð námsbrautarlýsinganna verði miðað við að nemandi geti útskrifast bæði af fyrsta og öðru hæfniprepi.
- Það má ekki setja þetta verkefni af stað nema að til sé vilji í VMA, í fyrirtækjum og stéttarfélögum til að vinna að því að til verði eitthvað sem verður notað.
- Best væri að menntamálaráðuneytið eigi fulltrúa í rýnihópi.

Viðbót. Útfærslur.

- Hér aftan við eru þælingar um útfærslur sem eru birtar án þess að búið sé að skoða innihald náms eða ræða við vinnustaði.
- Dæmi um námsbraut.
- Upptalning á vinnustöðum til þjálfunar. Mest er miðað við vinnustaði sem ekki taka nema á samning eða í annað formlegt vinnustaðanám sem nú er rekið í VMA.
- Umfjöllun um vinnustaðanámið, hvernig er háttað samstarfi VMA og vinnustaðar, hvaða undirbúning þarf neminn og vinnustaðurinn. Hvaða mál þarf að leysa áður en nemi fer í vinnustaðapjálfun?
- Kostir og gallar, möguleikar og besta útkoma. SVÓT.

Dæmi um námsbraut, ÖG1 og 2.

- Öryggisgæsla. Fengnar verði lýsingar á slíku námi frá nágrannalöndum.
- Óskað verði eftir helstu hæfnikröfum úr starfi þeirra sem sinna öryggisgæslu og eftirliti. Miðað verði aðallega við venjulegar aðstæður á Íslandi. Til verði nokkuð ítarlegur listi um þekkingar, leikni og hæfnimarkmið.
- Sett verði upp námsbraut til tveggja ára þar sem koma saman:
 - almenn fög á mismunandi þrepum eftir hæfni nemanna.
 - verknám í skóla svo sem varðandi framkomu, samskipti, varnarviðbrögð (t.d. úr júdó), rafkerfi og fleira.
 - þjálfun á vinnustað þar sem neminn kynnist starfinu og tileinkar sér öll helstu þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið sem gera hann að hæfum starfsmanni.

ÖG1 og 2 - áfangar.

Almennar námsgreinar. 1/3 eininga. Íslenska og önnur tungumál að lágmarki ákv margar einingar en á þeim hæfniprepum sem neminn ræður við. Önnur bókleg eða almenn fög eru val.

Verknám í skóla 1/3 eininga. Hægt verði að meta allt verklegt nám sem hluta af þessu. Grunnám í byggingagreinum, rafiðngreinum, málmtækni, matvælagreinum og öðru verði metið sem hluti af þessu. Til viðbótar komi skylduáfangar í samskiptum, framkomu, varnarviðbrögðum (t.d. úr júdó), umgengni við rafkerfi og fleira.

Þjálfun á vinnustað 1/3 eininga. Skilgreindir áfangar í þjálfun til starfa. Að minnsta kosti góður hluti af tveim önnum þar sem neminn kynnist starfinu og tileinkar sér öll helstu þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem gera hann að hæfum starfsmanni. Hægt að meta vinnureynslu með viðtali (raunfærnimati) sem hluta af þessum einingum.

ÖG1 og 2 nemendur.

Hvaða nemar munu vilja ljúka svona námi, fá skírteini um nám í öryggisgæslu? Hvaða vinnustaðir nýta slíkt?

Securitas, Öryggismiðstöðin og fleiri fyrirtæki sinna skipulegu eftirliti með byggingum og viðburðum. Verðslanir og verðslunarmiðstöðvar hafa starfsmenn sem hafa þjálfun á þessum sviðum (líklega oft samt litla þjálfun).

Nemar sem hafa áhuga á störfum við slíkt. Sumir nemar hafa hugmyndir um störf við björgun, löggæslu og slíkt. Einhverjir tengja líkamsrækt við störf við öryggisgæslu.

Líklegt er að margir þeirra sem myndu fá svona skírteini hafi ekki ætlað sér það við 16 ára aldur heldur hafi fengið vinnu með skóla eða að sumri til og í lengst. Að sjálfsgöðu mun svona nám fyrst og fremst þroska einstaklingana og ef til vill vinna með styrkleika einhverra.

Vinnustaðir til þjálfunar 1

- Akureyrarbær sem risastór eða margir vinnustaðir.
 - mötuneyti í grunnskólum og leikskólum fyrir þjálfun í matvælagreinum.
 - grunn- og leikskólar sem þjálfun fyrir umönnunarliða og aðra.
 - heimaþjónusta A (aldraðir) og B (fatlaðir) sem þjálfun fyrir umönnunarliða og fleiri. (aðstoðað á heimilum fólks)
 - íþróttamannvirki og íþróttafélög sem þjálfun í umsjón íþróttamannvirkja, ræstingum og öryggisgæslu.
 - framkvæmdamiðstöð sem þjálfun í umhirðu opinna svæða, jarðvegsframkvæmdum og vinnu við lagnir.
 - Norðurorka sem þjálfun í vinnu við lagnir og umhirðu þeirra.

Vinnustaðir til þjálfunar 2

- Véltækniðar sem læra umhirðu véla og bifreiða:
 - Höldur bílaleiga, dekkjaverkstæði og bílaprif.
 - Aðrar bílaleigur og bifvéla verkstæði.
 - Jarðvinnuverktakar svo sem GV, G.Hjálmarsson og Finnur myndu þjálfa véltæknið og við vinnu við lagnir og aðrar jarðvegsframkvæmdir. (Í mörgum tilfellum væru namar að stefna á aukin ökuréttindi og réttindi á ýmsar vinnuvélar.
 - Ýmsir aðrir svo sem smurstöðvar, dekkjaþjónustur og vélaverkstæði.
- Vörutækni og flutninganám færi fram hjá Eimskip/Flytjanda, Samskipum og fl. Stórverslanir svo sem Rúmfatalager og fl. taka við vörum og reka lager. Þjálfun til vinnuvélaréttinda og fleira yrði í höndum slíkra vinnustaða.

Vinnustaðir til þjálfunar 3.

- Umönnun og umsjón með dýrum yrði þjálfað hjá:
 - þeim sem eru atvinnumenn í dýraumhirðu, bjóða þjálfun hunda, snyrtingu, gistipjónustu (hundahótel), að hluta hjá dýralæknum, hestamönnum, í einstaka tilfellum hjá bændum. Hér yrði miðað við að hver nemi fengi þjálfun hjá fleiri aðilum til að kynnast ýmsum gerðum dýra og þjónustu.
- Verslunar og þjónustunám yrði í samvinnu við ýmsar verslanir og þjónustufyrirtæki. Nemar myndu skoða áhuga sinn og fá þjálfun við hæfi. Fataverslanir, raftækjaverslanir, símaþjónustufyrirtæki, matvöruverslanir, skyndibitastaðir og fleiri myndu bæði fá nema í þjálfun og líka hafa þá í vinnu en þannig að vinnan yrði skráð og neminn gerði grein fyrir þekkingu, leikni og hæfni sem hann ávinnur sér í þeirri vinnu.

Vinnustaðapjálfun- fyrirkomulag.

- Byrjað er með fáa nemendur á afmörkuðum sviðum.
- Vinnustaðir þyrftu helst að sýna áhuga á að geta laðað til sín hugsanlega starfsmenn. Gætu verið vinnustaðir þar sem oft er mikil starfsmannavelta því fáir sjá sig í framtíðarstarfi þar.
- Vinnustaðir tilnefna starfsfóstra og þeir fá að taka þátt í námskeiði um það hvernig hægt er að styðja nema / nýliða á vinnustaðnum.
- Til verði áfangaskipt og hæfniprepaskipt þekkingar- leikni -og hæfnimarkmið fyrir vinnustaðapjálfunina.
- Kennari úr VMA setji niður fyrirkomulag samskipta nema, starfsfóstra og VMA svo sem um viðverumerkingar, mat á hæfni nema á vinnustaðnum. Unnið verði með efni sem til er úr Workmentor og Workqual verkefnum.

Vinnustaðapjálfun- fyrirkomulag.

- Gengið verði frá greiðslum milli ráðuneytis, VMA og vinnustaðar fyrir vinnustaðapjálfunina, bæði á meðan tilraunatímabili stendur og til framtíðar.
- Gengið verði frá formlegum atriðum svo sem tryggingum, vinnufötum, persónuhlífum, trúnaðarskyldu og öðru slíku með því að nemar verða undirbúnir og allir aðilar skrifa undir samkomulag um vinnustaðapjálfunina.
- Allir vinnustaðir, starfsfóstrar, nemar og kennarar verði skráðir í gagnagrunn um vinnustaðapjálfun til að hægt sé að skoða hvar nemar hafa verið og munu verða í þjálfun á hæfniprepum 1 og 2. Vinnustaðanám skráð á skírteini.
- Til verði rammisamkomulag milli VMA og hvers vinnustaðar um að taka þátt í svona vinnustaðapjálfun.

Vinnustaðarþjálfun - kostir.

- Gengið er út frá því að þetta fyrirkomulag styrki nemana persónulega og kynni þá fyrir vinnustöðum. Gefi kost á útskrift með skilgreind skírteini.
- Fyrirtæki sem ekki hafa hingað til tekið þátt í formlegri starfsmenntun verða hluti af viðurkenndu þjálfunarkerfi og eiga þannig frekar kost á starfsmönnum sem hafa tilgreinda hæfni á starfssviði fyrirtækjanna. Það gæti stuðlað að framförum og meiri framleiðslu á hvern mann. Að minnsta kosti gæti þetta eft fagmennsku á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Hvað þarf til að verða þjálfunarvinnustaður?
- VMA getur boðið fjölbreyttara nám og vonandi komið til móts við fleiri nemendur og þannig sinnt betur hópi nemenda sem hafa verið í brottfallshættu og hafa kostað skólann mikið.

Vinnustaðapjálfun - gallar - ógnanir.

- Ekki er víst að vinnustaðir sjái tækifæri í samstarfi og vilji ekkii eða hafi ekki áhuga á að vera með í að þróa slíkt.
- Kostnaður vinnustaða og VMA getur orðið töluverður þegar við gerum ráð fyrir því að þessi nemendahópur er mjög viðkvæmur og að sumu leyti líklegri til að hætta við eða ráða ekki við formlegar kröfur í þjálfuninni. Mikilvægt að hafa til hliðar úrræði svo sem Fjölsmiðju og slíkt sem getur verið í ráðgjafahlutverki við vinnustaðina.
- Verkalýðsfélög, fagfélög og starfsmenn í ákveðnum starfsgreinum gætu haft horn í síðu svona hugmynda. Mikilvægt að vinna þetta með sem flestum aðilum eða að minnsta kosti gefa upplýsingar um verkefnið.

Vinnustaðarþjálfun - tækifæri.

- Hægt væri að sýna og gefa nemum kost á að kynna vinnustöðum og tækifærum í störfum sem geta talist trygg þótt stundum hafi þau þótt minna eftirsóknarverð. Vinnustaðir gætu valið sér starfsmenn.
- Nemar sem vita best sjálfir að bóknám er ekki þeirra sterka hlið geta átt kost á þjálfun á vinnustað og möguleika á útskrift með hæfni sem gerir þá eftirsóttá á vinnumarkaði.
- VMA getur tengst vinnustöðum með öðrum hætti en áður, kennarar gætu átt kost á því að sinna nemum sem eru í þjálfun, styðja þá og fylgjast með þeim.
- Samfélagið getur sinnt því betur að koma til móts við margvíslega hæfileika ungs fólks og nýtur krafta þess betur.